

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Skíðasvæðið í Tindastóli, breyting á gildandi deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að afmarkaður er byggingarreitur BR-8 suðvestan við bílaplan.

Stærð byggingarreits er 1.500 fermetrar og er veitt heimild fyrir byggingum með allt að 7 m hæð.

Hámarksbyggingarmagn á byggingarreit er allt að 600 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 12. júní 2020.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2020